

Fimmtudaginn 26. mars 1998.

Nr. 324/1997.

K

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

M

(Brynjar Níelsson hdl.)

Börn. Forsjá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1997. Hún krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðilar máls þessa hófu sambúð haustið 1984 og gengu í hjúskap 30. mars 1985. Þau slitu samvistir í lok mars 1994 og fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 25. janúar 1995. Í tengslum við skilnaðinn gerðu þau með sér samning um skilnaðarkjör 4. janúar 1995, þar sem kveðið var á um, að forsjá dóttur þeirra, sem fædd er 7. nóvember 1987, skyldi vera hjá áfrýjanda. Einnig voru ýtarleg ákvæði í samningnum um rúman umgengnisrétt barnsins við stefnda.

Í júní 1995 höfðaði stefndi mál þetta og krafðist forsjár telpunnar. Að ósk stefnda voru dómkvaddir matsmenn til að meta hæfni aðila með tilliti til forsjár barnsins. Að fenginni matsgerð 6. apríl 1996 krafðist stefndi þess, að sér yrði veitt forsjá telpunnar til bráðabirgða. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 1996 var stefnda veitt forsjá telpunnar til bráðabirgða, þar til endanlegur dómur gengi í forsjármálinu. Þótti sýnt samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir lágu, að áfengisneysla móðurinnar ætti drjúgan þátt í að valda telpunni öryggisleysi og kvíða. Þá hefði telpan lýst yfir því með sannfærandi hætti, að hún vildi frekar vera hjá föður sínum en móður, þar sem hún treysti því ekki, að móðirin hætti áfengisneyslu.

Því er lýst í hinum áfrýjaða dómi, að áfrýjandi hafi farið í áfengis-meðferð í júní og júlí 1996. Samkvæmt vottorði Þórarins Tyrfingssonar yfirlæknis 28. febrúar 1997 hafði áfrýjandi verið án vímuefna frá 26. júlí 1996, og fyrir dómi 7. apríl 1997 taldi hann, að svo væri enn. Stefndi fullyrðir á hinn bóginn, að aftur hafi sótt í fyrra horf um áfengisneyslu áfrýjanda þrátt fyrir meðferðina.

Að ósk áfrýjanda voru dómkvaddir þrír sálfræðingar til að meta yfirmati uppeldisaðstæður foreldra og persónulega eiginleika þeirra og hagi svo og tengsl telpunnar við þá og afstöðu hennar til búsetu, og er um mat þetta fjallað í héraðsdómi.

Niðurstöður bæði undirmats og yfirmats benda til þess, að báðir foreldrar séu hæfir uppalandur og að barnið hafi góð tilfinningatengsl við þá báða. Þá eru ytri uppeldisaðstæður einnig taldar góðar hjá báðum foreldrum.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. barnalaga nr. 20/1992 verður krafa um breytingu á samningi um forsjá því aðeins tekin til greina, að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins. Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að ástæða var fyrir stefnda að krefjast forræðis telpunnar vegna aukins áfengisvanda áfrýjanda. Héraðsdómur byggist á því, að ekki sé komin löng reynsla á árangur áfengis meðferðar áfrýjanda, en auk þess sé það skýr og eindreginn vilji telpunnar að vera hjá föður sínum. Telja yfirmatsmenn, að eftir því sem unnt sé að greina forsendur þeirrar afstöðu, nái telpan því ekki enn, þótt henni þyki afar vænt um móður sína, að treysta henni fullkomlega eftir þá erfiðleika í samskiptum, sem á undan eru gengnir og tengjast í hennar huga áfengisnotkun móður.

Á það verður fallist með héraðsdómi, að báðir foreldrar geti verið hæfir til að fara með forsjá telpunnar. Af hálfu áfrýjanda hafa engin ný gögn verið lögð fyrir Hæstarétt því til staðfestingar, að áfrýjandi hafi markvisst haldið sig frá áfengi frá miðju ári 1996. Telpan hefur dvalist hjá stefnda í tæp tvö ár, og er ekki annað fram komið en það hafi gengið vel. Að áliti allra matsmanna, er komið hafa að málinu, er það eindreginn vilji telpunnar að vera áfram hjá föður sínum, þar sem trúnaðartraust gagnvart móður hafi í ákveðnu tilliti beðið hnekki. Eins og málið liggur fyrir, verður að telja, að hagsmunir barnsins af öryggi og festu í fjölskyldulífi leiði til þeirrar

niðurstöðu, að breyting á ákvæði skilnaðarsamningsins um forsjá þess hafi verið og sé réttmæt. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Umgengni áfrýjanda við dóttur sína hefur ekki verið í föstum skorðum, frá því að stefndi fékk forsjá hennar. Það er grundvallarregla samkvæmt 2. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 37. gr. barnalaga, að barn eigi rétt á umgengni við það foreldri, sem ekki fer með forsjá þess, og gagnkvæmt. Er afar mikilvægt, að rúmri og skipulegri umgengni verði komið á sem fyrst milli áfrýjanda og telpunnar. Þetta raskar þó ekki framangreindri niðurstöðu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. apríl sl., er höfðað með stefnu, birtri 24. júní 1995, af M, ..., Reykjavík, gegn K, ..., Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að samningur hans og stefndu, dags. 4. janúar 1995, um forsjá barnsins B, f. 1987, verði felldur úr gildi, hvað forsjá barnsins snertir, og að stefnanda verði falin forsjá B.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar við undirmat, 264.600 kr.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, þannig, að forsjá barnsins B verði hjá stefndu. Þá er krafist málskostnaðar, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, og að tekið verði tillit til gjafsóknarkostnaðar við ákvörðun málskostnaðar.

Málavextir.

Með leyfi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 25. janúar 1995, var aðilum máls þessa veittur skilnaður að borði og sæng. Í tengslum við skilnaðinn gerðu þau með sér samning um skilnaðarkjör. Samkvæmt 1. gr. samningsins skyldi forsjá barns þeirra, B, vera hjá stefndu. Í 2. gr. samningsins er ýtarlega fjallað um umgengni stefnanda við barnið.

Fyrst í stað gekk nokkuð vel hjá málsaðilum að halda þennan samning um umgengni, en breyting varð á síðar.

Í júnímánuði 1995 höfðaði stefnandi síðan mál þetta og krafðist forsjár barnsins. Jafnframt höfðaði hann annað mál, þar sem hann krafðist þess að fá forsjá B til bráðabirgða. Með úrskurði, upp kveðnum 3. júní 1996, var honum falin forsjá telpunnar til bráðabirgða, þar til dómur gengi í því máli, sem hér er til úrlausnar.

Málsástæður stefnanda.

Kröfu sína í máli þessu styður stefnandi þeim rökum, að áður en til skilnaðar málsaðila kom, hafi stefnda átt í talsverðum erfiðleikum vegna áfengisneyslu, sem að mati stefnanda leiddi til skilnaðarins. Eftir skilnaðinn kveður stefnandi þessa erfiðleika hafa aukist til muna og stefni velferð barnsins í voða. Hafi stefnda t. a. m. verið ein með barnið undir verulegum áhrifum áfengis. Þetta hafi orðið til þess, að barninu hafi oft liðið illa hjá stefndu og kvíði ávallt fyrir því, þegar stefnandi þurfi að skila henni aftur.

Stefnandi styður kröfur sínar því, að stefnda sé ekki fær um að hafa forsjá barnsins sökum alvarlegra persónulegra vandamála og erfiðleika, sem hún eigi við að stríða. Þetta ástand valdi öryggisleysi og ótta hjá barninu. Stefnandi telur telpuna afar tengda sér, og hafi hún lýst yfir þeim vilja sínum að vera hjá sér.

Stefnandi telur ótvírætt, að hagir og þarfir barnsins krefjist þess, að samkomulagi aðila um forsjá verði breytt í samræmi við kröfugerð stefnanda. Stefnandi sé og hafi ávallt verið vel í stakk búinn til þess að annast barnið, enda hafi hann haft forsjá eldri barna sinna eftir fyrri skilnað. Hann sé flugstjóri og starfi sem slíkur hjá ... Hann hafi rúmgóða íbúð, sem sé í sama hverfi og barnið hafi átt heima í.

Stefnandi reisir kröfu sína á barnalögum nr. 20/1992, aðallega 35. gr. laganna.

Málsástæður stefndu.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að forsendur skilnaðarsamningsins um forsjá barnsins B séu brostnar og að aðstæður mæli með, að stefnandi hafi forsjá telpunnar.

Stefnda hafi samkvæmt samningi aðila forsjá telpunnar. Áður en samningur þessi var undirritaður, höfðu samvistarslit málsaðila varað í tíu mánuði, og allan þann tíma hafi telpan verið hjá stefndu. Samningurinn hafi einungis verið í gildi eitt ár, er mál þetta var höfðað.

Það sé meginregla í barnarétti, að forsjárákvörðun, hvort sem um sé að ræða samning eða úrlausn stjórnvalds eða dómstóls, verði ekki breytt, nema aðstæður séu verulega breyttar frá því, sem var, þegar ákvörðun um forsjá var tekin og að hagar og þarfir barnsins krefjist þess. Barn eigi kröfu

til stöðugleika og að sem minnstar breytingar séu gerðar á högum þess, dvalarstað og félagslegu umhverfi.

Stefnandi hafi ekki rökstutt kröfu sína um breytta skipun forsjár. Stefnandi haldi því fram, að áfengisneysla stefndu hafi leitt til skilnaðarins. Þegar gengið hafi verið frá skilnaðarsamningi, höfðu samvistarslit stefnanda og stefndu varað í rúma tíu mánuði. Stefnanda hafi því verið í lófa lagið að krefjast þess við samningsgerðina, að forsjá yrði í hans höndum. Nú liggja hins vegar fyrir skilnaðarsamningur, undirritaður af báðum aðilum og staðfestur af sýslumanni, að forsjáin skuli vera hjá stefndu.

B hafi frá upphafi verið í ... skóla, en stefnda búi í ... Þar eigi B leikfélaga sína. Heimili stefnanda sé hins vegar að ..., sem sé í öðru skólahverfi.

Stefnandi hafi, meðan móðir fór með forsjá, haft rúman umgengnisrétt við barn sitt, og leggi stefnda áherslu á, að gott samband sé milli barnsins og stefnanda.

Stefnandi haldi því fram, að hann merki hjá barninu vanlíðan og kvíða. Stefnandi verði að gera sér grein fyrir því, að barnið sé níu ára gamalt og hafi undanfarið gengið í gegnum mestu breytingar í lífi sínu. Bernskuheimilið hafi verið selt, og foreldrnir flytjist sitt í hvora íbúð. Barnið sé nógu gamalt til þess að skilja nokkurn veginn, hvað gangi á, og auðvitað taki skilnaður foreldranna mikið á það. Hins vegar sé barnið ekki nógu gamalt til að skilja, að í raun hafi það orðið fyrir áfalli vegna skilnaðarins. Barnið þurfi nú að vinna sig í gegnum miklar tilfinningaflækjur, og auðvitað valdi það því miklum kvíða og vanlíðan. Barnið þurfi hjálp við að vinna sig í gegnum þetta erfiðleikatímabil. Það þurfi stöðugleika, ró og umhyggju, en ekki meira umrót, sem málaferli sem þessi hafi óhjákvæmilega í för með sér. Mikil og sterk tilfinningatengsl séu milli móður og barns.

Stefnandi hafi alls ekki sýnt fram á í málalíbúnaði sínum, að forsendur standi til þess, að breyta eigi forsjánni frá því, sem samið var um. Allar félagslegar aðstæður stefndu séu sem best verði á kosið. Hún sé kennari að mennt og hafi starfað sem slík í yfir áratug, hafi bestu meðmæli og sé iðulega valin til sérkennslu erfiðra nemenda. Stefnandi sé flugstjóri að atvinnu. Vinnutími hans sé óreglulegur, og starfs síns vegna þurfi hann oft að vera langdvölu að heiman, en slíkt henti að sjálfsögðu mjög illa við uppeldi barns á þessum aldri.

Stefnda vísar til 1. mgr. 35. gr. laga nr. 20/1992 máli sínu til stuðnings.

Niðurstaða.

Að beiðni stefnanda voru dómkvaddir tveir matsmenn, sálfræðingarnir Aðalsteinn Sigfússon og Þorgeir Magnússon, til þess að láta í té álit á uppeldisaðstæðum hjá hvoru foreldri um sig, tengslum barnsins við foreldrana,

andlegu ástandi þess og afstöðu þess um búsetu svo og á persónulegum eiginleikum foreldranna og högum þeirra. Er matsgerð þeirra dags. 6. apríl 1996.

Stefnda vildi ekki una þessu mati og taldi, að í því hefði ekki verið gætt jafnræðis með aðilum við framkvæmd matsins. Að beiðni hennar voru því dómkvaddir þrír yfirmatsmenn til þess að meta framangreind atriði, sálfræðingarnir Álfheiður Steinþórsdóttir, Oddi Erlingsson og Páll Magnússon. Er yfirmatsgerð þeirra dags. 3. febrúar 1997.

Við undirmat og yfirmat voru lögð nokkur próf fyrir málsaðila, Raven-greindarpróf, EPQ-persónuleikapróf, Gough-félagsþroskapróf, MIMI-persónuleikapróf, forsjárhæfnipróf og fjölskyldutengslapróf. Eru niðurstöður matsmanna reistar á þessum prófum svo og viðtölum við málsaðila og barn þeirra.

Í matsgerð sálfræðinganna Aðalsteins Sigfússonar og Þorgeirs Magnússonar, sem dags. er 6. apríl 1996, segir eftirfarandi m. a.:

„Uppeldisaðstæður hjá hvoru foreldri um sig.

Aðstæður foreldranna til að búa barninu heppileg uppeldisskilyrði eru í báðum tilfellum góðar, ef frá er talin misnotkun móðurinnar á áfengi. Ytri aðbúnaður, húsakynni, efnahagur og afkomuhorfur eru góðar, auk þess sem foreldrunum þykir báðum vænt um barnið og er umhugað um framtíð þess. Foreldrarnir eru báðir einhleyppir, en móðirin á vingott við karlmann, sem mikið dvelur á heimili hennar og er telpunni öryggisgjafi. Hjá föðurnum býr tvítug hálf systir B, sem hún hefur mjög jákvæð tengsl við. Atvinna föður veldur því, að hann þarf að vera talsvert að heiman, stundum sólarhringum saman, og þarf þá að treysta á móðurina og önnur skyldmenni telpunnar um dvalarstað og umönnun, ef hann fer með forsjána. Vinnutími móður er betur sniðinn að þörfum barnsins, auk þess sem heimili hennar er innan ... skólahverfis, þar sem B hefur stundað nám frá upphafi og flestir vinir hennar búa þar í næsta nágrenni.

Tengsl barnsins við foreldrana, andlegt ástand þess og afstaða til búsetu.

Tengsl B við foreldrana eru nán, en nokkuð ólík; í báðum tilfellum er þó um gagnkvæma væntumþykju að ræða. Tengslin við föður eru átakalítil og traust, en sambandið við móður flóknara og einkennist á köflum af miklum kvíða og öryggisleysi. Sú vanlíðan stafar annars vegar af uppnáminu, sem leiðir af áfengisneyslu móður, og hins vegar af skuldbindandi kröfum móðurinnar um tryggð telpunnar, samstöðu og þögn um þá vanlíðan, sem neyslan veldur B. Faðirinn er telpunni skjól og öryggisgjafi í slíkum hremmingum, en veran hjá honum skapar B eigi að síður angur vegna óttans um viðbrögð móðurinnar við meintu hollustuleysi hennar við sig. Þessar þrengingar eru telpunni mjög óhollar, valda henni togstreitu og öryggisleysi,

sem brýst út í sterkum kvíðaeinkennum, andlegum og líkamlegum, þegar álagið er mest. Telpa lýsir því yfir með sannfærandi hætti, að hún vilji frekar vera hjá föður sínum en móður, enda treysti hún því ekki, að móðirin hætti áfengisóreglunni.

Persónulegir eiginleikar foreldranna og hagir þeirra.

Eins og fyrr segir, eru ytri hagir foreldranna góðir og fullnægjandi. Persónulegir eiginleikar föður eru þeir helstir, að hann er ábyrgur og yfirvegaður maður, skipulagður og stöðuglyndur, ekki frumkvæðismikill í tengslum, en svarar kröfum dóttur sinnar um tilfinningaleg samskipti og geðtengsl með fullnægjandi hætti. Hann getur verið seinn til viðbragða, en fylginn sannfæringu sinni.

Móðirin er vel gefin kona, opin og hressileg í viðmóti, en óstöðug að skapferli. Undir álagi er stutt í tortryggni, harðar ásakanir, visst taumleysi og óþroskaða, sjálfmiðaða hugsun. Hún á við áfengisvanda að etja, en tekst ekki á við hann. Það háir henni sem uppalandi, enda víkja þá þarfir annarra fyrir hennar eigin.“

Í samantekt matsþátta í yfirmatsgerð segir eftirfarandi:

„1. Uppeldisaðstæður hjá foreldrum.

a. Hjá móður. Móðir býr í 90 fermetra íbúð á jarðhæð að ... Íbúðin er mjög hlýleg, svolítið óskipuleg og ber með sér, að þar búi einstaklingur með margvísleg áhugamál. Mikið um gróður og ræktun, köttur á ferli og stórt fiskabúr. Íbúðin ber vott um, að hún er heimili barns, og eru leikföng vel sýnileg, en barnateikningar og fönður á veggjum. B hefur sérherbergi, hlýlegt og vel búið leikföngum. Einnig er hún vinnustaður móður og barns, þar sem stórt skrifborð og bókahillur eru í miðri íbúðinni. Heimili móður er nálægt ... skóla og heimilum vinkvenna B, og þarf hún ekki að fara yfir umferðargötu til þeirra. Vinnutími móður er að jafnaði í föstum skorðum og daglega tími til að umgangast og sinna barni auk frítíma um helgar. B getur alltaf náð í móður á vinnustað, ef eitthvað bjátar á, t. d. í skóla, og hún þekkir vinnustað og vinnufélaga móður sinnar. Móðir er einhleyp, en hún á góðan vin, sem B þekkir, en hyggur ekki á sambúð. Í heimsókn matsmanna á heimili móður voru mæðgurnar greinilega mjög nánar og innilegar, báðar málgefna og áhugasamar um að lýsa lífi sínu saman.

b. Hjá föður. Frá maí 1995 hefur faðir búið í tvílyftu, 140 fermetra endurnýjuðu 40 ára gömlu einbýlishúsi við ... í Reykjavík. Heimilið er snyrtilegt og án alls íburðar. Á heimilinu býr auk M og B yngri dóttir hans frá fyrra hjónabandi, X (21 árs), sem er nemi í Háskóla Íslands. B hefur sérherbergi, sem er hlýlegt og vel búið húsgögnum og persónulegum munum. B sækir skóla í öðru skólhverfi, í ... skóla, en hennar hverfisskóli samkvæmt lög-

heimili er ... skóli. Nokkur vegalengd er á milli núverandi heimilis hennar og skólans og mikil umferðargata, ..., á milli. B er ávallt ekið í og úr skóla. Flestar vinkonur B búa í ... hverfi, þar sem hún bjó áður. Þetta virðist þó ekki hindra samskiptin, því að bæði fer hún í heimsóknir til vinkvenna og þær koma til hennar.

Vinnutilhögun M er þannig háttáð, að hann vinnur að meðaltali um 15 daga á mánuði og er um 15 daga heima. Hann flýgur millilandaflug og er ýmist í burtu daglangt, þ. e. frá morgni til kl. 18, eða tvær nætur í senn. Vegna fjarveru M, sem er tvær nætur þrisvar til fjórum sinnum í mánuði, tekur einhver nákominn ábyrgð á B, hálf systir hennar, móðir, föðursystir eða föðuramma. M er ekki í föstu sambandi og hefur ekki verið það frá sambúðarslitum.

Í heimsókn matsmanna á heimili föður var viðmót B til föður opið og hlýtt og laust við allan ótta. M virðist gera sér far um að setja sig í spor B.

2. Barnið.

a. Tengsl barnsins við foreldra.

Athugun bendir til þess, að tilfinningatengsl B við móður séu ríkulegri en við föður og bera vott um tilfinningalega næmni og ræktun frá hendi móður. Fram koma einnig hlý tengsl telpunnar við föður, og faðirinn virðist í hennar augum vera tákn öryggis og stöðugleika, sem er henni mikils virði.

b. Andlegt ástand B.

Greind B reynist í góðu meðallagi. Á geðræna sviðinu er hún í meginatriðum heilbriggt barn, og athugun bendir til eðlilegs persónu- og tilfinningaþroska. Þó vottar fyrir kvíðaeinkennum, sem einkum virðast tengjast spennu og ósætti, sem ríkt hefur í samskiptum foreldra hennar.

c. Afstaða B um búsetu.

B tjáir skýrt þann vilja sinn að búa fremur hjá föður en móður. Að því leyti, sem unnt er að greina forsendur þeirrar afstöðu, virðist helst, að þrátt fyrir það að henni þyki afar vænt um móður, nái hún enn ekki að treysta henni fullkomlega eftir þá erfiðleika í samskiptum, sem á undan eru gengnir og tengjast í hennar huga áfengisnotkun móður.

3. Eiginleikar foreldra og hagir þeirra.

a. K. Forsjárhæfni K er góð, og er þar sterkust hæfni hennar til að rækta djúp tilfinningatengsl, en hún er einnig ábyrg sem leiðbeinandi í félags-tengslum og í skólastarfi fyrir B. Ytri uppeldisskilyrði eru einnig góð. Samkvæmt sálfræðiprófum er K vel greind kona, með gott sjálfstraust og heilsteypnan persónuleika. Engin merki eru um geðræn einkenni, persónuleika-

truflanir eða óstöðuglyndi. Hún er opin og virk, félagslega örugg og á því að geta verið góð fyrirmynd dóttur sinni. Hún hefur nán tengsl við B og treystir sér vel til að takast á við unglingsárin með henni.

K er allvel meðvituð um veikar hliðar sínar, að hún geti verið fljóthuga og óþolinmód og að viðnámsþol geti stundum verið lítið undir álagi. Hún hefur einnig misnotað áfengi, og er ekki komin nema rúmlega hálfis árs reynsla á árangur áfengismedferðar.

b. M. Forsjárhæfni M er góð, greind hans mjög góð, og engin merki eru um geðveiki eða persónuleikaröskun. Sjálfstraust er gott. Sterkar hliðar M sem uppalanda eru hæfileikar hans til að sinna öllum ytri aðstæðum og þörfum B eins og fjárhags- og búsetuöryggi. Hann getur tryggt henni stöðugan lífsstíl og hættulaust umhverfi, sem laust er við tilfinningalegt öryggisleysi og geðsveiflur. M á auðvelt með að nýta sér aðstoð fjölskyldu sinnar við uppeldi B.

Veikar hliðar M sem uppalanda eru aftur á móti afneitun hans á eigin yfirsjónum og veikleikum eða neikvæðum aðstæðum, eins og fram kemur á persónuleikaprófum. Þar sem M er í mikilli vörn fyrir sjálfan sig, má búast við, að innsæi hans á tilfinningalegum þörfum B geti verið takmarkað. Einstök vandamál og þarfir B geta því farið fram hjá M. Svo virðist sem M eigi erfitt með að draga nauðsynleg mörk á milli sín og B og láti nokkuð eftir henni. Hún virðist stýra samskiptum að töluverðu leyti. Einnig skortir á, að M dragi eðlileg mörk á milli samskipta sinna við móður barnsins annars vegar og dóttur hins vegar. M hefur látið togstreitu við móður B bitna á umgengni hennar við móður, enda hefur hann ekki treyst henni fyrir barninu vegna óreglu. M talar neikvætt um móður í áheyrn B, sem ýtt getur undir tortryggni hennar í garð móður.

4. Niðurstöður.

Með hliðsjón af framantöldu telja matsmenn, að eftirfarandi atriði mæli með og á móti, að annars vegar móðir og hins vegar faðir fari með forsjá B.

1) Móðir:

a) Atriði, sem mæla með forsjá:

Persónulegir og félagslegir eiginleikar. K hefur góða getu til að mynda nán tilfinningatengsl, hún er sveigjanleg, en getur sett mörk. K er kennari, virk í félagsstarfi foreldra og er von að umgangast unglinga í starfi sínu. Stúlkan er að nálgast kynþroskaaldur og þarf e. t. v. trúnaðartengsl við móður vegna þess.

Umönnun. K hefur annast B frá fæðingu þar til í júní 1996, þegar faðir fékk úrskurð um forsjá til bráðabirgða.

Ytri aðstæður. Atvinnu- og fjárhagsöryggi virðist tryggt, og vinnutími móður er sniðinn að þörfum barnsins. Öryggi er, að skóli og vinkonur barnsins eru í hverfinu, þar sem móðir býr.

Umhengni. Vegna fyrri reynslu og persónuleika K má búast við, að umhengni B við föður verði með eðlilegum hætti, fái hún forsjá hennar.

b) Atriði, sem mæla gegn forsjá:

Áfengisvandamál. Ekki er komin löng reynsla á árangur áfengismeðferðar K.

2) Faðir:

a) Atriði sem mæla með forsjá:

Persónulegir eiginleikar. M er reglusamur og traustur, og líf hans er í fóstum skorðum. Í augum B er M ímynd öryggis og stöðugleika, enda greinir B frá því, að þurfi hún að velja, vilji hún fremur búa hjá föður sínum en móður.

Ytri aðstæður. Stöðugleiki varðandi tekjur og búsetu.

Tengsl við systkini. Á heimili M er B í daglegum samskiptum við eldri hálf systur, X, og í nánum tengslum við aðra hálf systur, sem gjarnan annast hana, þegar M er frá vegna vinnu. Á tengslaprófi kemur fram, að tengsl B og X eru sterk og jákvæð.

b) Atriði, sem mæla gegn forsjá:

Persónulegir eiginleikar. M virðist nokkuð eftirgefanlegur við B. Ætla má, að mörkin milli B og hans séu oft óljós og að hann eigi erfitt með að stýra henni. Vegna varnarháttá M getur hann átt erfitt með að setja sig í spor B og sinna tilfinningalegum þörfum hennar.

Samskipti við hitt foreldrið. M talar með neikvæðum hætti um móður í áheyrn B, en ætla má, að það geti haft neikvæð áhrif á tengsl B við móður.“

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 20/1992 skal því aðeins taka til greina kröfu um breytta forsjá, að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins.

Eins og fram er komið, var mál þetta höfðað tæpum sex mánuðum eftir, að aðilar máls þessa höfðu gert samning um forsjá dóttur sinnar. Ástæðu málsóknar kvæð stefnandi vera m. a. aukna áfengisneyslu stefndu.

Í greinargerð stefndu er því algerlega mótmælt, að hún eigi við áfengisvandamál að stríða. Í undirmatsgerð segir, að stefnda eigi við áfengisvanda að etja, en takist ekki á við hann, afneiti honum og feli og sé vafalaust meðferðarþurfi á því sviði. Þegar yfirmat fór fram, viðurkennir stefnda hins vegar, að áfengisneysla hafi orðið henni vandamál eftir fæðingu B. Hún hafi notað áfengi í mótlæti, en það hafi farið úr böndunum, svo að B hafi

liðið fyrir það. Í yfirmatsgerð segir, að stefnda hafi farið í áfengismeðferð í júní 1996, en fallið, hafi farið strax aftur í júlí og hafi verið vímulaus síðan. Þrátt fyrir fullyrðingar stefnanda um annað þykir ekki sýnt fram á annað í málinu en stefnda hafi verið vímulaus, síðan síðari meðferð lauk, eins og segir í yfirmatsgerð.

Stefnda bar fyrir dómi, að drykkja sín hefði aukist í kjölfar skilnaðarins. Þykir því sýnt, að aðstæður höfðu breyst á því tímabili, frá því að samningur var gerður um forsjá og þar til mál þetta var höfðað.

Telja verður með hliðsjón af niðurstöðum matsmanna, að uppeldis- aðstæður hjá báðum mál aðilum séu fullnægjandi svo og atvinnu- og fjárhagsöryggi. Þá þykir einnig sýnt, að þau séu bæði hæf sem uppallendur og að barnið hafi góð tilfinningatengsl við báða foreldra.

Samkvæmt undirmati, sem gert var í apríl 1996, er stefnda hafði enn forsjá B, kom fram vilji barnsins til þess að vilja frekar búa hjá föður. Er yfirmat fór fram, tjáði hún enn skýrt þann vilja að vera fremur hjá föður en móður, en á þeim tíma hafði hún dvalist um það bil sjö mánuði hjá föður. Eins og að framan er rakið, telja yfirmatsmenn helst, að því leyti sem unnt sé að greina forsendur þeirrar afstöðu, að enda þótt henni þyki afar vænt um móður, nái hún ekki enn að treysta henni fullkomlega eftir þá erfiðleika í samskiptum, sem á undan eru gengnir og tengjast í hennar huga áfengisnotkun móður. Hins vegar sé stefnandi í hennar augum ímynd öryggis og stöðugleika, sem sé henni mikils virði.

Þrátt fyrir það að stefnda hafi nú horfst í augu við vandamál sín vegna áfengisdrykkju og hafi farið í áfengismeðferð, er ekki komin löng reynsla á árangur meðferðarinnar, en samkvæmt framburði Þórarins Tyrfingssonar yfirlæknis mun ekki unnt að tala um varanlegan bata í þessum efnum fyrr en eftir tvö ár.

Samkvæmt fram lögðum gögnum eru tengsl B við eldri hálsystur mjög góð og sömuleiðis tengsl hennar við fjölskyldu föður. Tengsl hennar við fjölskyldu móður eru mun minni, eftir því sem fram hefur komið. Þá hefur komið fram, að B hefur góð samskipti við vinkonur sínar, enda þótt þær eigi heima í öðru hverfi en hún.

Stefnandi er flugmaður að atvinnu. Ekki hefur verið sýnt fram á, að fjarvistir hans vegna atvinnu sinnar hafi valdið erfiðleikum í umönnun B.

B hefur verið hjá föður sínum tæpt ár og hefur, eins og áður er rakið, lýst yfir því með skýrum hætti, að hún vilji fremur vera hjá föður en móður. Þegar þetta er virt svo og annað það, sem að framan er rakið og fram hefur komið í málinu, þykir sýnt fram á, eins og málum er komið, að þörfum og hagsmunum telpunnar B verði betur borgið, verði stefnanda falin forsjá

hennar. Ber því að taka til greina kröfu hans um, að samningur hans og stefndu um forsjá B verði felldur úr gildi og honum falin forsjá barnsins.

Eins og máli þessu er háttað, þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Stefnda hefur fengið gjafsókn í málinu, og greiðist gjafsóknarkostnaður hennar, 773.000 kr., úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Sigríðar Logadóttur hdl., 350.000 kr. Ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Felldur er úr gildi samningur stefnanda, M, og stefndu, K, dags. 4. janúar 1995, hvað varðar forsjá barnsins B. Stefnandi, M, skal fara með forsjá telpunnar B.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefndu, 773.000 kr., þar með talin þóknun lögmanns hennar, Sigríðar Logadóttur hdl., 350.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.
